

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn að Efstubraut 2. Blönduósi, þriðjudaginn 12. maí 2020, og hófst kl: 16:30-

Mætt voru: Guðmundur Haukur Jakobsson, formaður (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Anna Margret Sigurðardóttir (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri brunavarna A-Hún., og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einnig sátu fundinn, með samþykki stjórnar: Einar K Jónsson, Sv. stj. Húnavatnshr., sem áheyrnarfulltrúi og Zophanías Ari Lárusson, varamaður, við 1. og 2 lið fundar.

Fundargerð:

Guðmundur Haukur, formaður, setti fund, kl 16:35-, og bauð fundarmenn velkomna í nýtt húsnæði að Efstubraut 2., og bar upp lögmæti fundarboðs, án athugasemda.

1. Vettvangsskoðun/kynning um húsið og nágrenni (lóð)

Skoðað var nýkeypt húsnæði að Efstubraut 2, á Blönduósi, sem Brunavarnir A-Hún., hafði fengið afhent í síðustu viku og einnig lóð sem fylgir húsinu. Þá var kynnt útfærsla á aðkomu að húsinu, og umsamin afnot af baklóð þess.

2. Tillögur/ákvörðun um fyrirkomulag slökkvistöðvar og lóðar.

Ingvar kynntu fyrirleggjandi vinnuteikningar sem höfðu verið gerðar um mögulega nýtingu á húsnæðinu, skiptingu þess fyrir mismunandi starfsemi slökkviliðsins, og hvaða möguleikar væru í stöðunni m.v., ýmsar forsendur. Rætt var m.a. um fjölda og staðsetningu innkeyrsluhurða, og skiptingu rýma í austurhluta hússins, sem að hluta myndi verða aðstaða á tveimur hæðum. *Ákveðið að vinna hugmyndir áfram með aðkomu verkfræðistofunnar Stoð og fá álit á mismunandi útfærslum, með tilliti til bestu nýtingar og kostnaðar.*

3. Ársreikningur Brunavarna fyrir árið 2019.

Ársreikningur Brunavarna fyrir árið 2019, sem unnin hafði verið af KPMG, lá fyrir fundinum og hafði verið sendur stjórnarmönnum, sem drög fyrir fund. Valdimar kynnti ársreikninginn, og þá skýringu sem hann hafði kallað eftir, en ársreikningurinn sýnir jákvæða niðurstöðu rekstrar um kr. 33.798-. Eftir umræðu og skýringar var ársreikningur borinn upp og samþykktur af stjórn.

4. Gömul bifreið brunavarna – Samgöngusafnið í Stóragerði í Skagaf.

Valdimar og Ingvar greindu frá heimsókn sinni til Stóragerðis í Skagafirði, þar sem skoðuð var gömul slökkvibifreið á eigu brunavarna, sem verið hefur á safninu í 10 ár, til sýningar, en bifreiðin er árg.,1957 og er í góðu standi. Stjórn er ekki tilbúin að gefa bifreiðina til safnsins, að svo stöddu a.m.k., en rætt var um möguleg framtíðplön og staðsetningu fyrir bifreiðina, og hvort hægt væri að framlengja núverandi samning eða gera nýjan, við safnið. *Valdimari og Ingvari falið að ræða við Samgöngusafnið um framhaldið.*

5. Önnur mál

Rætt var um fyrirleggjandi sölumeðferð á núvarandi húsnæði slökkviliðs að Norðurlandsvegi 2, sem er að 2/3 hluta í eigu brunavarna A-Hún., og 1/3 hluta í eigu Blönduósbæjar, og hvaða möguleikar væru í stöðunni um sölu. Þá var rætt um hvenær slökkvilið myndi flytja starfsemi sína í nýtt húsnæði. Áætlað er að haldinn verði stjórnarfundur brunavarna A-Hún, aftur fljótlega þegar mál fara að skýrast.

Fundi slitið kl 17:55-

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Guðmundur Haukur Jakobsson,

Sverrir Þór Sverrisson,

Anna Margret Sigurðardóttir,

Ingvar Sigurðsson,

Einar K Jónsson

Valdimar O Hermannsson